

Skýrsla skipulags- og byggingarfulltrúa fyrir árið 2010.

Samantekt.

Efnahagskreppan setti svip sinn á árið 2010 með áframhaldandi stöðnun í nýbyggingu húsnæðis. Fá umtalsverð skipulags- og byggingarmál voru til umfjöllunar í skipulags- og byggingarnefnd.

Á árinu 2010 var lítil sem engin eftirspurn eftir nýjum byggingarlóðum í Hveragerði eins og víðast annars staðar á landinu. Hafist var handa við sárafaár nýframkvæmdir en nokkur vinna var í gangi við lagfæringar á húsum, sem löskuðust í Suðurlandsskjálftanum 2008.

Engin umtalsverð aðal- og deiliskipulagsmál voru til meðferðar skipulags- og byggingarnefndar á árinu.

Fundir skipulags- og byggingarnefndar voru samtals 8 og fjöldi mála á dagskrá nefndarinnar voru samtals 52 mál.

Aðal- og deiliskipulag.

Engin umtalsverð skipulagsmál voru til umfjöllunar.

Ný skipulagslög nr. 123/2010 voru samþykkt á alþingi á árinu, sem tóku gildi 1/01/2011. Ný skipulagsreglugerð er í vinnslu hjá umhverfisráðuneytinu og verður væntanlega tilbúin um mitt ár 2011.

Byggingarmál.

Alls voru 21 byggingarleyfi veitt á árinu 2010. Aðallega voru það leyfi fyrir breytingum á útliti og innra skipulagi húsa. Aðeins voru veitt fjögur byggingarleyfi fyrir nýbyggingum, fyrir einu gróðurskýli, einu einbýlishúsi, sem byggt var í stað húss, sem rífið var, einum bílskúr og einni viðbyggingu.

Á árinu 2010 var samþykkt að rífa tvö einbýlishús, eina geymslu og nokkur gróðurhús.

Ný byggingarlög nr. 139/2010 voru samþykkt á alþingi á árinu, sem tóku gildi 1/01/2011. Ný byggingarreglugerð er í vinnslu hjá umhverfisráðuneytinu og verður væntanlega tilbúin um mitt ár 2011.

Byggðarþróun.

Íbúðarhúsnæði:

Samþykkt flatarmál húsa í Hveragerði breyttist lítið á árinu þar sem flatarmál nýbygginga var álíka mikið og flatarmál þess húsnæðis, sem rífið var. Þannig jókst flatarmál íbúðarhúsnæðis aðeins um 5,5 fermetra og heildar flatarmál gróðurhúsa minnkaði um 110 fermetra.

Fjöldi íbúða í Hveragerði telst nú vera um 970 íbúðir. Samtals flatarmál þeirra er nú um 133 þúsund fermetrar. Meðal stærð allra íbúða eru því 137 fermetrar. Bílskúrar eru meðtaldir.

Ef þróun íbúðarhúsnæðis á árunum 2005 til og með árinu 2010 er skoðuð sérstaklega þá voru á því 6 ára tímabili byggðar um 190 íbúðir í Hveragerði, sumar þeirra eru enn í smíðum. Meðal flatarmál þessara íbúða (bílskúr meðtalinn) er um 146 fermetrar.

Fjölgun íbúða í Hveragerði á umræddu tímabili eru því tæp 25%.

Gróðurhús:

Á undanförunum árum hefur samtals flatarmál gróðurhúsa í Hveragerði farið ört minnkandi. Fyrir 20 árum síðan var flatarmál gróðurhúsa í Hveragerði samtals um 50 þúsund fermetrar. Í lok ársins 2010 er talan komin niður í um 24 þúsund fermetra. Þar af eru einungis um 19 þúsund fermetrar í notkun. Á þessum 20 árum hefur því flötur gróðurhúsa í Hveragerði minnkað samtals um 60%.

Önnur mál.

Skipulags- og byggingarnefnd fjallaði um ýmis önnur mál svo sem um brunamál, umferðarmál og grenndarkynningar. Einnig veitti nefndin umsagnir um nokkur rekstrarleyfi.

Hveragerði 11. janúar 2011

Guðmundur F. Baldursson

Skipulags- og byggingarfulltrúi